

Ed.

299. Frumvarp til laga

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig er heimilt að veita úr raforkusjóði einstökum bændum, er reisa á heimilum sínum rafstöðvar, reknar með vélaafli (mótorrafstöðvar), styrk, allt að $\frac{1}{3}$ kostnaðarverðs stöðvarinnar, eða lán með 2% ársvöxtum til 15 ára, allt að $\frac{3}{5}$ kostnaðarverðs. Styrkur þessi eða lán veitist því að eins, að stöðin sé minnst 4 kílóvött, ekki séu fyrir héraðsrafveitur á því svæði og ekki líkur til, að þær verði reistar á næstu árum á þeim slóðum, þar sem þeir bæir eru, sem styrks eða láns njóta samkvæmt málsgrein þessari. Lán og styrki þessa ákveður ráðherra, að fengnum tilögum raforkunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af meginvandamálum sveitanna er að bæta úr rafmagnsþörf þeirra, og verður það sennilega ekki gert til hlítar fyrr en leiðslur verða lagðar á heimilin frá hinum stærri vatnsorkuverum. Þegar er búið að reisa slík raforkuver í ýmsum héruðum landsins og þéttbýlli sveitir farnar að njóta góðs af þeim. Nokkur héruð eru aftur á móti þannig sett, að erfitt er að koma þar upp stærri vatnsorkuverum, og kauptúnafá, en nú þykir nauðsynlegt, að kauptún séu sem flest og stærst á raforkusvæðinu, svo að minni rafveitukostnaður leggist á hvert einstakt heimili. Í þeim sveitum, sem vonlítið er um slíkar rafveitur í náinni framtíð, hyggjast ýmsir bændur að bregða á það ráð að reisa sjálfir einkastöðvar á heimilum sínum. Er þeim það helzt í huga að reka þær með vélaafli. Hafa komið fram tilboð allálitleg um slíkar vélar (mótora), og þykir hagkvæmara að hafa þær vélar svo stórar, að raforka fáist, er fullnægt geti þörf heimilanna að mestu leyti, þótt ekki verði til upphitunar. Mörg eru þau heimili í þessum sveitum, sem þegar hafa orðið að kaupa smámótora, t. d. vegna mjaltavéla, súgþurrkunar heys o. fl.

Nú eru það margir bændur, sem eiga þrengra um greiðslu en áður vegna húsa-gerða á síðustu árum og annarra framkvæmda, en allmikið fé þarf að leggja fram til slíkra stöðva og ekki minna í áhaldakaup, ef vel á að vera. Virðist og sanngjarnt, að fé raforkusjóðs verði varið að einhverju leyti til stuðnings þeim bændum, er búa fjær markaðsstöðum og við aðra óhægð meiri en þeir, er búa í þéttbýli í nágrenni Reykjavíkur eða annarra kaupstaða landsins. Bændum þessum er ekki síður þörf aðstoðar við að koma upp heimilisrafstöðvum, þótt ekki hafi þeir aðstöðu til vatnsvirkjunar.

Frv. þetta veitir aðeins heimild til þess að greiða fyrir rafstöðvum þessum, og þar er ákveðin lágmarksorka stöðva þeirra, er styrks njóta, en að öðru leyti er það á valdi ráðherra og raforkunefndar að setja skilyrði um fyrirkomulag og tegundir raforkuvélanna, og geta þeir látið trúnaðarmenn sína athuga, að vel og tryggilega sé frá stöðinni gengið, áður en veittur er til hennar styrkur eða lán.